

ÁLYKTUN STJÓRNAR BSRB

Stjórn BSRB mótmælir harðlega innihaldi minnisblaðs ASÍ og SA um stöðu lífeyrismála, dagsett 25. febrúar 2011. Það er ólíðandi að launþegasamtök gangi fram með kröfu um skerðingu réttinda félaga í öðrum launþegasamtökum og forystu ASÍ væri sæmara að beina kröftum sínum að því að bæta réttindi eigin félagsmanna frekar en að rýra réttindi annarra. Það er umhugsunarefni á hvaða vegferð launabaráttan er þegar slík vinnubrögð eru viðhöfð. Höfuðverkefni og skylda launþegahreyfingarinnar er að ganga frá kjarasamningum, umbjóðendum sínum til hagsbóta, ekki að höggva í áunninn réttindi annarra launþegasamtaka.

Framlagning minnisblaðsins gengur þvert gegn því starfi sem unnið hefur verið í vinnuhópi um lífeyrismál, sem starfar samkvæmt 9. grein stöðugleikasáttmálans, en þar hefur verið unnið að útfærslu að sameiginlegu lífeyriskerfi fyrir landsmenn. Minnisblaðið truflar þá vinnu og sérstaklega er ámælisvert að það hafi ekki verið kynnt aðilum um leið og það var lagt fram. Mikilvægt er að starfsfriður ríki um þessi viðkvæmu mál.

Stjórn BSRB sér ekki hvernig hægt er að halda því starfi áfram á meðan samstarfsaðilar leggja fram ítrustu kröfur á öðrum vettvangi um skerðingu réttinda félagsmanna BSRB. Miðað við forsendur sér BSRB alla vankanta á því að halda þeirri vinnu áfram á einlægan hátt og telur því ekki ástæðu til frekari fundarhalda fyrr en minnisblaðið hefur formlega verið dregið til baka og þeim hugmyndum sem þar koma fram hefur verið hafnað. Stjórn BSRB krefst fullvissu frá ríkisstjórninni um að hún muni ekki standa fyrir skerðingu á núverandi réttindum og hefur gengið á fund ráðherra með þá kröfu, ásamt fulltrúum BHM og KÍ.